Umhverfis-, orku og loftlagsráðuneytið
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Umsögn við máli nr. S-216/2023

Reykjavík, 22. nóvember 2023

**Umsögn: Skýrsla um mat á þörf fyrir varnarvirki og viðbúnað vegna ofanflóðahættu á atvinnusvæðum á Íslandi.**

Umhverfis-, orku og loftlagsráðuneytið kynnir til samráðs skýrslu um mat á þörf fyrir varnarvirki og viðbúnað vegna ofanflóðahættu á atvinnusvæðum á Íslandi.

Dýraverndarsamband Íslands, DÍS, hefur farið yfir framlagða skýrslu ráðuneytisins, þar sem er farið yfir og metin þörf á varnarvirkjum og viðbúnaði vegna ofanflóðahættu á atvinnusvæðum innan þéttbýlismarka sveitarfélaga. DÍS vill benda á að innan þessara svæða eru jafnframt griphús sem ekki tekið tillit til í skýrslunni.

Það er óforsvaranlegt að mati DÍS að ekki sé tekið tilliti til þess að þeim svæðanna, þar sem eru gripahús, eru þau ekki höfð innan varnaráætlunar. Óskar DÍS eftir því að tekið sé tillit til þessa og bætt verði úr þannig að gripahús verði með í varnaráætlunum innan skilgreindra hættusvæða. Mikilvægt er í öllum aðgerðum, skipulagi sem öðru er tengist ofanflóðahættu að gripahús sem skilgreind eru á hættusvæðum séu höfð með í áætluðum varnaraðgerðum. Þetta varðar öryggi fólks og dýra.

Skipulag er í höndum sveitarfélaga og það er því á ábyrgð þeirra að sjá til þess að út frá skipulagðri staðsetningu gripahúsa séu þau höfð með í varnaráætlunum líkt og aðrir byggingareitir eða athafnasvæði sveitarfélaga.

Með kveðju,

fh. stjórnar Dýraverndarsambands Íslands (DÍS)

Linda Karen Gunnarsdóttir

Linda Karen Gunnarsdóttir

formaður DÍS